

Lagt fyrir fund velferðarráðs 18. febrúar 2026

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands um úttekt á fyrirkomulagi eftirlits með fósturforeldrum sem starfa fyrir Barnavernd Reykjavíkur

Velferðarráð leggur til að sviðsstjóri velferðarsviðs kalli til óháðan aðila til að framkvæma úttekt á fyrirkomulagi eftirlits með fósturforeldrum sem starfa fyrir Barnavernd Reykjavíkur. Framkvæmd úttektar skal flýtt eins og kostur er og skal lokið eigi síðar en 31. mars næstkomandi. Þá skal sama aðili einnig falið að gera viðhorfsskönnun meðal skjólstæðinga Barnaverndar Reykjavíkur. Viðhorfsskönnun skal lokið eigi síðar en 30. apríl næstkomandi. Sviðsstjóri skal viðhafa náð samráð við velferðarráð um nánari afmörkun og útfærslu og eins hvaða aðili er valinn til starfsins.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs 18. febrúar 2026 voru málefni barnaverndar, fósturforeldra og barna með fjölþættan vanda til umræðu. Þar kom fram að eftirliti með fósturforeldrum væri ábótavant og í vissum tilvikum væri lágmarkseftirliti ekki sinnt. Samhliða kom fram að fáar aðgengilegar viðhorfsskannanir væru til staðar til að fylgja eftir fósturbörnum og fósturforeldrum þeirra. Fulltrúarnir taka þessar upplýsingar alvarlega og lýsa yfir áhyggjum af því að brotalamir séu í eftirliti með fósturforeldrum. Upplýsingar sem þessar kalla á tafarlaus viðbrögð enda eru börn í vistun einn af viðkvæmari hópum samfélagsins. Fulltrúarnir ítreka mikilvægi þess að framkvæmd úttektar og viðhorfsskönnunar verði flýtt sem kostur er.